

# Jólablað Völsungs




2010

## Frá ritstjóra

Jólablað Völsungs er okkar ársskýrsla. Í Jólablaðinu fara forsvarsmenn deilda yfir starfsemi liðins árs. Þar greina menn í stuttu máli hvernig starfsemin hefur gengið og hvaða árangur hefur náðst. Jólablaðið í ár er eingin undantekning frá þessu. Forsvarsmenn deilda greina frá blómlegu starfi Íþróttafélags sem státar af mikilli þátttöku barna og unglunga á svæðinu, góðum hópi metnaðarfullra þjálfara og stórum hópi áhugafólks um kröftugt íþróttafélag.

Um efnisöflun og ritstjórn sá starfsmaður félagsins. Ritstjóri og aðalstjórn Völsungs þakka þeim fjölmörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem styrkja þessa útgáfu og starfsemi Völsungs á einhvern hátt kærlega fyrir, án þeirra væri svona útgáfa óhugsandi og starfsemin öll miklu erfiðari. Einnig þökkum við fólkinu sem tók sér tíma til að setjast niður og festa söguna á blað fyrir framtíðina að skoða og læra af. Ekki má gleyma sveitarfélaginu Norðurþingi sem á hverju ári styður íþróttastarfsemi á svæðinu með margvíslegum hætti bæði með fjárframlögum og aðstöðu.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þakka samstarfið á árinu.  
Sveinn Aðalsteinsson.**



*Óskum Völsungum og öllum  
Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin  
á liðnu ári.*



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár  
þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**Bílþjónustan ehf.**  
Garlarsbraut 52 • 640 Húsavík  
Sími 464 1122 • Farsími 854 0872

Gleðileg jól og farsælt  
komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að liða.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



Gardarsbraut 48 • 640 Húsavík  
Kennitala 560390-1309 • Vsk.nr. 22806  
Sími 464 1055 • Fax 464 2055

Óskum viðskiptavinum okkar  
og öðrum Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári



*Hlávgræðslustofa*  
**RÓSU & JÓNU**



Óskum viðskipta-  
vinum okkar og  
öðrum Þingeyingum  
Gleðilegra jóla og farsældar  
á nýju ári.

þökkum  
viðskiptin **viðbót**

kjörtvinnsla



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.

Óskum öllum Völsungum til sjávar  
og sveita  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.

Sími 464 1500 • Fax: 464 1501 • Netfang: [info@gentlegiants.is](mailto:info@gentlegiants.is)  
Heimasíða: [www.gentlegiants.is](http://www.gentlegiants.is)

## Jólakveðja frá formanni.

Nú er komið að enda þessa árs, þegar horft er til baka og árið rifjað upp íþróttalega séð þá koma bara góðar og skemmtilegar minningar upp í hugann, það hefur margt á daga okkar drifið í félaginu og starfið gengið með miklu ágætum, margir sigrar hafa náðst og eins höfum við mátt finna fyrir mótbyr sem er kannski ágætt stundum og herðir okkur bara í því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Allar deildir hafa staðið sig vel í þeim verkefnum sem þær hafa tekið fyrir og má kannski nefna það sem glatt hefur mig mjög en það er endurvakning í handboltanum sem ég tel mjög mikilvægt fyrir félagið, ekki síst fyrir þær sakir að þar koma inn iðkendur sem ekki hafa fundið sér farveg í öðrum greinum innan félagsins og er það gott, það er mín skoðun og verður að allir eigi að geta fundið sér vettvang innan íþróttafélaga sem hentar hverjum og einum.

Völsungur hefur átt gott samstarf við skólana í tengslum við afreksíþróttamiðað nám og hefur verið ánægja með það hjá krökkunum og vonandi foreldrum að fá metið það mikla aukaálag sem unglíngarnir okkar leggja á sig til að geta stundað nám og íþróttir af fullum krafti sem oft á tíðum þarf að skipuleggja vel svo það gangi upp, en það vill verða þannig á litlum stað eins og Húsavík þar sem öflugt íþróttastarf er að sömu aðilar eru í mörgum íþróttgreinum og keppa þar af leiðandi í fleiri en einni grein. Þessir aðilar þurfa að leggja mikið á sig við æfingar og keppnir og passa að gleyma ekki skólanum sem að sjálfsögðu gerir líka kröfur um gott gengi.

Að venju mun ég ekki tíunda starfið grein fyrir grein þar sem öllum greinum eru gerð góð skil í blaðinu, ég hef ákveðið að segja mig frá formennsku eftir 11 ára setu og finnst mál til komið að annar ferskur og nýr aðili taki við keflinu. Ég hef haft gaman að starfa fyrir félagið mitt þó oft hafi það líka verið erfitt og stundum vanþakklátt, aldrei verður það svo að hægt sé að gera öllum til hæfis. Ég hef reynt að stýra félaginu eftir bestu getu og á mörgum sviðum höfum við náð góðum árangri í rekstrinum, deildir reknar án taps og æfingagjöld með þeim lægstu sem þekkjast, það hefur alltaf verið mitt markmið að ná að sýna fram á það að hægt sé að reka íþróttafélag án himinhárra skulda og yfirdrátta sem því miður er allt of algengt í dag hjá félögum og rýrir þar af leiðandi innra starf félagsins.

Mig langar að lokum að þakka öllum þeim fjölmörgu sem stutt hafa mig í gegnum árin í starfinu og þá helst frábærum foreldrafulltrúum sem alltaf hafa verið tilbúnir að koma að starfinu og stýra deildum félagsins. Þjálfurum og starfsmönnum þakka ég sérstaklega fyrir gott samstarf og svo síðast en ekki síst þeim stjórnarmönnum sem nú eftir öll þessi ár eru fjölmargir. Ég bind miklar vonir við nýja stjórn sem komin er að félaginu og óska þeim alls hins besta, í henni sitja; Þóra Kristín Jónasdóttir, Lúðvík Kristinsson, Már Höskuldsson, Elín Gunnsteinsdóttir, Emelía Aðalsteinsdóttir.

**Að lokum óska ég öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með fullt af sigrum og gleði.**

**Takk fyrir mig.**

**Linda Margrét Baldursdóttir : formaður ÍFV**



Linda Margrét Baldursdóttir.

## Íþrótt- og æskulýðsstarf.

Nú er kreppt að er mikilvægi öflugs íþrótt- og æskulýðsstarfs aldrei meira og verður seint fullþakkað því fólki sem sinnir þessum málum á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga, oftar en ekki í heilmikilli sjálfboðavinnu. Fulltrúar íþróttafélagsins Völsungs hafa verið afar sýnilegir í samfélaginu á liðnum árum og er aðdáunarverður sá árangur sem hefur náðst er varðar þátttöku og árangur í íþróttastarfi innan félagsins. Mikill fjöldi barna og ungmenna stunda íþróttir á vegum Í.F. Völsungs og er eftir því tekið hversu öflugt starfið er. Drjúgur tími iðkenda fer í að stunda æfingar á vegum félagsins og skiptir miklu máli að halda vel utan um þessa starfsemi. Íþróttaiðkun á að vera þroskandi bæði líkamlega, sálrænt og félagslega. Íþróttafélagið Völsungur sinnir mikilvægu hlutverki í því tilliti.

Mikilvægi foreldra er afar mikið er kemur að hvatningu, umhyggju og stuðningi vegna þátttöku barna þeirra í íþróttastarfi. Rannsóknir sýna að þau ungmenni sem eiga foreldra er sýna áhugamálum þeirra áhuga og eru virkir þátttakendur í því starfi sem snýr að tómsundum barna sinna, leiðast síður á veg vímuefna. Einnig sýna rannsóknir fram á mikilvægi ábyrgra aðila sem sjá um það tómsundastarf sem börn og unglíngar stunda s.s. þjálfara, leiðbeinenda, foreldra og kennara.

Allir foreldrar geta lagt sitt af mörkum til að gera íþrótt- og æskulýðsstarf enn betra. Algengur misskilningur er að íþróttastarf frjálsra félagasamtaka sé í umsjá og á ábyrgð annarra en foreldra. Hið gagnstæða er raunin.

Nú fer í hönd sá tími sem á að vera gleðilegur og uppspretta ánægju og fullnægju. Mikilvægt er að huga að því að ungmennin okkar þarfnast leiðsögu og því mikilvægt að hugsa til þess að við foreldrar eigum að vera börnum okkar fyrirmynd bæði í leik og starfi.

Undirritaður þakkar Íþróttafélaginu Völsungi samstarfið á árinu sem er að líða og óskar félagsmönnum þess og öllum þingeyingum gleðilegra jóla og gæfufríks komandi árs.

**Jóhann Rúnar Pálsson**  
**Æskulýðsfulltrúi Norðurþings**



# Prettándagleði 2011. Fimmtudaginn 6. janúar.

Brenna - Söngur - Gleði - Flugeldasýning  
Álfadrottning, kóngur og púkar verða með í  
göngunni.

Lagt verður af stað frá Völsungsheimilinu  
(í Íþróttahöllinni) kl.18:00. Gengið verður niður á  
uppfyllingu sunnan við GPG.

Komum saman og kveðjum jólin.

Krakkar og allir sem vilja mæti í búningum og  
tilheyrandi.



*Gleðileg jól,*

og farsælt komandi ár.

Þökkum samstarf og viðskipti  
á liðnum árum.

**Öryggi**  
Garðarsbraut 18a • Sími 464 1600  
RAFVERKTAKAR - VERSLUN  
**Heimilistæki** ht.is



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum  
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



**GPG**  
**FISKVERKUN**

# Í nánd Jólahátíðar

Jólahugvekja  
sóknarprests

Jólin eru hátíð ljóss og friðar, hátíð sem haldin er hér á norðurhjara veraldar þegar dag fer að lengja á ný. Boðskapur jólanna eru gleðilegar fréttir sem varða sérhvert mannsbarn. Guð afskrýddist sínum tignarskrúða og kom til okkar í litlu barni sem þurfti að reiða sig á umvefjandi faðm jarðneskra foreldra sem auðsýndu því skilyrðislausla ást og kærleika eins og góðum foreldrum sæmir. Það fékk sitt fyrsta leg í jötu í fjárhúsi innan um töðuna og gripina vegna þess að það mætti lokuðum dyrum í fyrstu í gistihúsi. En fjárhirðarnir hlýddu boðum engilsins og fóru og fundu lausnara sinn í þessu barni, fóru síðan og sögðu fólki frá þessari lífsreynslu sinni. Og vitrir menn nýttu sér halastjörnu sem vegvísi til að finna þetta barn og færðu því dýrar gjafir. Orðrómurinn um fæðingu frelsarans barst út til grasrótarinnar. Af henni spratt síðan kristin kirkja, söfnuður Krists sem leitast við að feta í fótspor hans á jarðneskri vegferð sinni frá kynslóð til kynslóðar. Hann vill ríkja þar sem honum er boðið inn fyrir, í hjörtum manna. Þar vill hann glæða litla trúarlogann í brjóstum okkar svo að allir sjái að þar fer kristin manneskja í trú, von og kærleika, umhyggju og virðingu gagnvart fólki og málleysingjum.

Það er full þörf á því að hlusta á jákvæðar og uppbyggilegar fréttir og láta mótast af þeim fremur en öllum þeim neikvæðu fréttum sem stöðugt er haldið að okkur af fjölmiðlum árið um kring. Fjölmiðlar bera mikla ábyrgð að þessu leyti. Hrósyrdi heyrst varla í fjölmiðlum, einkum í garð stjórnmálamanna sem njóta lítils trausts, jafnvel þeirra sem stýra þjóðarskútunni um þessar mundir sem velkist um í umróti daganna. Ef hrós heyrst þá er gert lítið úr því. Ég nefni fjármálaráðherra sem dæmi sem hrósað var af formanni samninganefndarinnar í Ice save málinu. Fjölmiðlar höfðu ekki áhuga á því að fylgja þessu hrósyrdi eftir. Þeir fóru frekar til baka í gamla frétt til að gera lítið úr ráðherra. Ekki varð það til að styrkja traustið í garð hans. Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á það hvernig almenningur hugsar hverju sinni. Ég tel fulla þörf á því að blása kjarki í íslenska þjóð í stað þess að brjóta hana markvisst niður með neikvæðum fréttum. Það þarf að benda meira á það jákvæða sem gerst hefur í kjölfar hrunsins. Sinnaskipta er þörf í þessum efnunum.

Kaupmenn láta vel af jólaversluninni í ár. Vörur virðast flæða út fyrir dyr í verslunum og allur þorri almennings virðist hafa efni á því að gera sér dagamun í nánd jóla. Margir fara á fleiri en eitt jólahlaðborð og tónleika á aðventunni með tilheyrandi kostnaði. Þetta finnst mér allt saman jákvætt þó mér finnst stundum sem fjölmiðlar vilji telja okkur trú um að almenningur leppi dauðann úr skel um þessar mundir og geti ekki gert sér nokkurn dagamun. Stöðug myndræn umfjöllun um raðir fólks sem þiggja mat í poka er dæmi um þetta. Það þarf ekki að hamra svona á þessu og ég er ekkert viss um það að þetta fólk kæri sig um það enda fylgir því oft skömm að þurfa að þiggja aðstoð. Svo vil ég líka benda á það að mjög margir eru aflögufærir og hjálpa til í þessum efnunum þó hljótt fari. Það finnst mér jákvætt og sérstaklega þakkarvert.

Ég legg til að við kveikjum ekki á jólatré Húsvíkurkaupstaðar fyrr en aðventan gengur í garð, 1. sunnudag í adventu. Þá tendrum við ljósin og teljum niður dagana. Jólin byrja ekki í IKEA í október og þeim lýkur heldur ekki með síðustu afborgun til Hagkaups í ágúst eftir skilmálum raðgreiðslusamnings til sex mánaða. Hátíðin gengur í garð kl. 18 á aðfangaskvöld og henni lýkur þrettán dögum síðar. Áhrifa hennar á hins vegar að gæta í mannlegum samskiptum árið um kring. Aðventan er undirbúningstími jóla. Hún hefst ekki áður en hún gengur í garð. Við skulum ekki fara í teygjutvist með aðventuna.

Við sýnum hvert öðru samstöðu og stuðning á erfiðum tímum árið um kring í anda boðskapar jólanna um umhyggju og virðingu í garð fólks. Við þurfum að blása kjarki í hvert annað til að hægt verði að stýra þjóðarskútunni út úr brimrótinu út á lyngan sjó. Það þarf áræði og kjark til þess og fjölmiðla sem eru vanda sínum vaxnir að þessu leyti. Minnumst þess að virðing eflir traustið. Guð gefi okkur náð til þess að vera vanda okkar vaxnir í lífi og starfi.

**Gleðileg jól**  
**sr. Sighvatur Karlsson.**

Óskum Þingeyingum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.  
Þökkum samskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



**Sjóferðir Arnars ehf**

Óskum Húsvíkingum  
og Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Óskum gestum okkar  
og öðrum Húsvíkingum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir  
samskiptin á árinu.





## Áfram Völsungur!

Gleðileg jól  
og farsælt komandi fótboltaár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



GRENSÁSVEGI 11



Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
Megi framtíðin vera  
þjört.  
Þökkum liðnu árin.



Óskum öllum Völsungum til sjávar  
og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Náttúrustofa  
Norðausturlands

Óska viðskiptavinum mínum og  
öðrum Þingeyingum gleðilegra  
jóla og farsæls komandi árs.  
Þakka viðskiptin á árinu  
sem er að líða.

Hárgreiðslustofa

Huldu Jóns

Skálabrekku 11 - S. 464 1885



Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



### Húsvíkingar - Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



Garðvík ehf.  
Kringlumýri 2, 640 Húsavík  
Símar: 464-1400 & 898-8389

Óskum viðskiptavinum  
okkar og Húsvíkingum  
öllum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir árið  
sem er að líða.



VERMIR s.f.  
Pípulagnir

### Þingeyingar!

Óskum ykkur gleðilegra  
jóla og farsældar  
á komandi ári.



Þökkum liðið ár.

Galti ehf

Óskum öllum  
Völsungum  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum samskiptin  
á liðnu ári.



Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Fiskeldið á Haukamýri ehf

# Yngri flokkar knattspyrnu

## 3. flokkur karla

Það voru rúmlega 30 strákar sem æfðu og spiluðu með 3. flokki síðastliðið ár. Óhætt er að segja að oft hafi verið mikið fjör og þrengsli á æfingum okkar í höllinni og úti á sparkvöllunum. Stefnan í upphafi var sett á að skrá 2 lið í keppni 11 manna liða en raunin varð eitt 11 manna lið og eitt 7 manna lið. Æfingar vetrarins gengu vel fyrir sig og var farið í hefðbundna æfingaleiki til Akureyrar auk einnar ferðar á Reyðarfjörð. Á vormánuðum æfðu Hafþór Mar og Sigvaldi Þór reglulega með U-17 landsliði auk þess sem fjölmargir leikmenn flokksins tóku þátt í verkefnum meistaraflokks, sérstaklega í Powerade mótinu sem vannst svo eftirminnilega.

Sumarið hófst svo með öllum sínum leikjum og var markið sett á að komast upp úr riðlinum bæði í 11 og 7 manna liðunum. Uppskera sumarsins var ekki eins og vonast hafði verið eftir í 11 manna liðinu, 3. sæti í riðlinum á eftir KS/Tindastól/Hvöt og Fjarðabyggð/Leikni var raunin og því urðu draumar um að komast uppúr C-deild að engu og verður það að biða betri tíma. 7-manna liðið gerði sér hinsvegar lítið fyrir og varð íslandsmeistari í sinni keppni eftir marga flotta leiki í keppninni, glæsilegur árangur hjá þeim og eitthvað sem þeir eiga vonandi eftir að lifa á um ókomin ár.

Óhætt er að segja að árið hafi verið viðburðarríkt hjá mörgum af strákunum í flokknum. Hafþór Mar og Bjarki Þór fóru til æfinga hjá GAIS í Svíþjóð á vormánuðum. Donni fór svo til æfinga hjá Viking Stavanger í júní og svo aftur núna í nóvember. Hápunkturinn var þó í ágúst þegar Hafþór Mar var valinn í U-17 landsliðið fyrir Norðurlandamótið í Finnlandi, hann var svo aftur valinn í hópinn fyrir undankeppni Evrópumótsins sem haldin var hér á landi í september. Þar unnu strákarnir sér rétt til keppni í milliriðlum Evrópumótsins sem haldnir verða í Ungverjalandi í mars á næsta ári. Við vonum að sjálfsögðu að einhverjir okkar manna verði þar í eldlínunni.

Það er ljóst að mikið býr í strákunum sem skipuðu flokkinn á síðasta ári þrátt fyrir að markmið 11 manna liðsins hafi ekki náðst. Það er hinsvegar alveg ljóst að strákarnir verða að halda áfram að æfa af fullum krafti og leggja allan sinn metnað í fótboltann ætli þeir sér að uppfylla hæfileikana sem í þeim búa. Til að það geti orðið verðum við líka að fara að sjá breytingar á æfingaaðstöðu knattspyrnuíðkenda hér í sveitarfélaginu. Hér býr mikið af hæfileikum en aðstaðan er því miður að verða hamlandi þáttur í starfi okkar í fótboltanum.

## 3. flokkur kvenna

Það voru rúmlega 20 stelpur sem æfðu og spiluðu með 3. flokki síðastliðið sumar. Það var hress og skemmtilegur hópur sem mætti vel til æfinga allan veturinn og lagði mikið á sig á æfingum. Farið var í æfingaleiki og eitt mót á Akureyri yfir vetrartímann. Um helmingur hópsins æfði að jafnaði með meistarflokki kvenna líka og var í raun stór hluti hópsins síðastliðið sumar, enda æfðu 3. fl. kvk. og meistarafokkur sem einn allt sumarið. Helga Björk æfði með U-17 liðinu nokkur skipti yfir veturinn. Hápunktinum náði hún svo með því að vera valin í U-17 fyrir æfingaleiki gegn Færeyingum ytra. Þar tók Helga þátt í báðum leikjum liðsins. Markmið sumarsins voru nokkuð skýr, að gera betur en á síðasta ári. Fljótlega kom í ljós að markmiðin myndu breytast og stefnan yrði sett á að vinna riðilinn og koma liðinu í úrslitakeppni. Það er óhætt að segja að stelpurnar hafi staðið sig vel, sigrar unnust eftir ósannfærandi leiki og einnig eftir frábæra liðsheildarsigra sem kostuðu mikla þolinmæði leikmanna og streitu þeirra sem utan við stóðu. Í lok riðlakeppninnar stóð liðið uppi sem sigurvegari í riðlinum eftir 8 sigurleiki og 2 tapleiki. Frábær árangur og stelpurnar vel að honum komnar. Næsta verkefni var úrslitakeppnin, þar dróst liðið á móti Selfyssingum og var leikið á Blönduósi. Óhætt er að segja að liðið hafi ekki staðið undir væntingum í leiknum og 6-0 tap staðreynd gegn spræku liði Selfyssinga sem stóð seinna uppi sem íslandsmeistari í 3. fl. kvk.

Stelpurnar í hópnum hafa mikla hæfileika í boltanum og eru eldri stelpurnar nú að fara að bera uppi meistaraflokkslið félagsins á næsta tímabili. Það er ljóst að ef þessar stelpur standa saman og leggja allan sinn metnað í boltann, þá verður spennandi að fylgjast með þeim á næstu árum. En hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér og ljóst er að mikla vinnu þarf að leggja í verkefnið ef árangur á að nást.

**Boltakveðja  
Unnar Þór**

## 4. flokkur kvenna

Stelpurnar í 4. flokki kvenna voru til fyrirmyndar í alla staði á tímabilinu 2010.

Við hófum leik á Goðamóti Þórs í Boganum þar sem keppt var í 7 manna liðum. Völsungur tefldi fram tveimur liðum í 4. flokki kvenna þetta árið. Þar gerðum við okkur lítið fyrir og tókum bronsið í báðum liðum. Sérstaklega eftirminnilegt var bronsið hjá eldra liðinu

en þar unnu þær erkifjendurnar í Þór í sérlega sögulegum leik þar sem andstæðingarnir komust 2-0 yfir. Leikurinn endaði 2-3 fyrir kampakáta Völsunga.

Æfingasókn vetrarins var frábær, stelpurnar voru frábærar á æfingum og framfarirnar í samræmi við það. Þetta allt saman skilaði sér svo þegar sumarið kom og greinilegt að stelpurnar voru vel undirbúnar og ætluðu sér stóra hluti. Talsvert var eftir af mótinu þegar þær höfðu þegar tryggt sér sigurinn í riðlinum (norður- og austurlandsriðill) og tryggður farseðill í úrslit 4. flokks kvenna á landsvísu.

Úrslitin voru spiluð á Húsavíkuvelli og byrjuðu vel fyrir heimamenn. 2-2 gegn firmasterku liði Fjölnis gáfu fyrirheit um að okkar lið ætlaði sér ekkert að gefa eftir í þessari keppni 8 bestu liða landsins. Seinni tveir leikirnir fóru ekki eins vel og því aðeins bið á því að stelpurnar okkar nái





sér í alvöru úrslitaleik á Íslandsmóttinu staðreynd.

Annars verður hreinlega að nefna það að uppúr stendur samheldni, ákafi, áhugi og vilji hjá stelpunum í 4. flokki á árinu 2010. Æfingasóknin var til fyrirmyndar og framfarirnar mjög góðar. Við áttum takta sem gefa góð fyrirheit um sterkan meistaraflokk innan fárra ára hér á Húsavík!

Allar stelpurnar eiga mikið lof skilið fyrir þeirra framlag á árinu og það er meira en að segja það að spila tæplega 40 leiki, æfa 132 sinnum og þola allt tuðið og aðfinnslur þjálfarans um leið!

Á árinu æfði Dagbjört Ingvarsdóttir með landsliðsúrtakinu á Laugarvatni og var hún vel að því komin. Hún er til fyrirmyndar í æfingasókn og eljusemi er kemur að íþróttum og á svo sannarlega framtíðina fyrir sér. Hún er í góðum hópi vinkvenna í þessum aldursflokki því sennilega hefði þjálfarinn getað sent allar jafnöldur hennar með henni á Laugarvatn í þetta skiptið því svo einbeittur er hópurinn að ná árangri! Það er von okkar að hennar afrek í sumar verði öðrum til hvatningar og eftirbreytni.

Á lokahófi yngri flokka Völsungs hlutu Dagbjört og Berglind Héðinsdóttir framfaraverðlaunin af eldra ári 4. flokks og Jana Björg Róbertsdóttir og Hulda Ósk Jónsdóttir af yngra árinu. Vel að því komnar stelpurnar en það verður að viðurkennast að þarna var átti þjálfarinn sérlega erfitt með að velja úr flokknum!

Kærar þakkar til allra sem hjálpuðu til í sumar; foreldrar fyrir frábært samstarf við akstur, bakstur og nánast allt annað, Helga Björk aðstoðaryfirþjálfari fyrir allt, Svenni og dómarar því án þeirra væri enginn fótbolti spilaður hér á Húsavík.

Þjálfari flokksins er enn stálhardur á þeirri skoðun að í þessum hópi leynist ekki aðeins framtíðarlandsliðskonur, heldur landsliðskonur! Það er allt hægt stelpur!

**Jóla- og nýárskveðjur**  
**Jói**

#### 4. flokkur karla 2010.

Þetta tímabil voru u.þ.b. 22-24 strákar sem æfðu að jafnaði, en strákarnir eru fæddir 1996 og 1997. Æfingarnar urðu um 110 talsins á tímabilinu jan-sept. Við tókum þátt í Greifamóttinu í Boganum í mars og þar vorum við með tvö lið, til Reyðarfjarðar fórum við í byrjun maí með eitt lið og svo hófst Íslandsmótið í byrjun júní. Í Íslandsmótið sendum við tvö lið til keppni, 11 manna lið og annað 7 manna og urðu leikirnir í öllum þessum mótum rétt um 45 talsins. Úrslit í leikjunum voru ýmist sigur, jafntefli eða tap þó mér hafi heldur fundist vanta upp á það fyrst nefnda !!! Einn drengjanna var valinn til að fara á Laugarvatn í æfingabúðir á vegum KSÍ. Svo langar mig að biðja foreldra strákanna að fylgjast með svefnvenjum og tölvunotkun þeirra t.d. um hábjartan dag að sumri !!. Og síðast en ekki síst mataræði sem mér fannst stundum ábótavant, sumir virtust ekki borða morgunmat og því algjörlega orkulausir þegar æfing var rétt byrjuð, en strákarnir eiga nú líka að vita þetta sjálfir enda orðnir hálf fullorðnir menn. Samstarf mitt við foreldra var mátulegt en ákaflega gott. Strákarnir voru margir hverjir afar "frískir" og því oft líflegt og skemmtilegt á æfingum sérstaklega þegar úðarinn var í gangi. Sérstaklega vil ég þakka Reykdælingunum þeim Elvari Baldvins, Freypóri Hamramanni og foreldrum þeirra fyrir eljusemina við að keyra á æfingar enda vita þeir að "æfingin skapar meistaran", eitthvað sem allir eiga að vita að sjálfsögðu.

**Lifið heil!**

**Jóla- og nýárskveðjur, Róbert Ragnar Skarphéðinsson.**



Katrín Ómarsd. og Þóra B. Helgadóttir í heimsókn. Mynd: Hafþór Hreiðars.

#### 5. flokkur

Í febrúar voru fyrstu leikir ársins hjá strákunum en þá fóru þeir inn á Akureyri á Goðamót. Þar voru Völsungar skráðir með þrjú lið til keppni A, C og F-lið. Skemmst er frá því að segja að F-liðið vann mótið, C-liði tapaði í b-úrslitum og A-liðið endaði í 7. sæti.

Í kjölfarið var æft stíft fram að sumri og tóku strákarnir vel á því og miklar framfarir voru sjáanlegar strax. 3 lið voru svo skráð í Íslandsmótið sem svo hófst 2. júní.

A og B-liðin endaðu í 3. sæti í sínum riðli rétt á eftir Akureyriarliðunum, en C-liðið í 2. sæti. Einnig var farið á N1-mótið á Akureyri með þrjú lið og 24 stráka. Það mót var svolítið stöngin út mót hjá strákunum, en það fer allt í reynslubankann hjá strákunum.

**Alli og Sindri**

#### 5. flokkur kvenna

Í 5. flokki kvenna sumarið 2010 voru 14 stelpur og voru þær mjög duglegar að mæta og stunda fótboltann af kappi. Þær tóku þátt í tveimur héraðsmótum, Landsbankamóti og einnig á Eimskipsmóttinu en þar kepptu þær sem 6. fl.kk. Fyrsta héraðsmótið var haldið á Ýdölum og gekk það bara sæmilega, stelpunum fannst andstæðingarnir heldur erfiðir sökum þess að þeir væru flestir strákar en að sjálfsgöðu létu þær það ekki á sig fá þegar á hólminn var komið. Einnig tóku þær þátt í Landsbankamóttinu á Sauðárkróki og gekk það bara mjög vel og komu stelpurnar þjálfaranum stöðugt á óvart með spilamennsku sinni. Enduðu þær svo sumarið á Eimskipsmóttinu hér á Húsavík en þar stóðu þær sig eins og hetjur á móti drengjunum í 6. flokki og létu þá finna vel fyrir sér.

Ekki má gleyma að segja frá því að um mitt sumarið heimsóttu okkur tvær kunnar landsliðskonur, þær Katrín Ómarsdóttir og Þóra B. Helgadóttir og voru með okkur á æfingu.

Annars var sumarið bara mjög skemmtilegt og held ég að allir hafi haft gagn og gaman af. Takk kærlega fyrir sumarið stelpur.

**Kveðja Áslaug Guðmundsdóttir og Helga S.**





Pálmi Rafn með strákum úr 6. flokk. Mynd: Hafþór Hreiðars.

## 6. flokkur drengja

Fyrsta mót ársins hjá strákunum var í lok mars í Boganum á Akureyri. Spilað var yfir helgi og var þetta í fyrsta sinn sem sumir strákana fengu að gista á móti og þótti það mikið sport og að sjálfsgöðu var mikið stuð.

Svo tók sumarið við og æfðu strákarnir af kappi. Pollamót KSÍ var haldið á Hrafnagili snemma í júlí og spiluðu okkar strákar þar í hundleiðinlegu veðri á miðvikudegi. Strax helgina eftir var það Nikulásarmót á Ólafsfirði og var það hin mesta skemmtun þar sem strákarnir stóðu sig mjög vel. Króksmótið var svo haldið í byrjun ágúst. Svo enduðu strákarnir á að spila hér heima á Eimskipsmótinu.

*Alli og Sindri*

## 6. flokkur kvenna

Í 6. flokki kvenna sumarið 2010 voru rúmlega 20 stelpur og æfðu þær af kappi og voru mjög duglegar. Þær tóku þátt í Íslandsmótinu, Landsbankamótinu á Sauðárkróki og

Eimskipsmótinu, þar sem stelpunum okkar gekk mjög vel, B-liðið endaði í 1. sæti. Einnig tóku þær þátt í Íslandsmóti sem einnig var haldið á Sauðárkróki, gerðum við okkur lítið fyrir og sigruðum það með glæsibrag, bæði í A og B liðum og tókum við þar af leiðandi þátt í úrslitum Íslandsmóts hér á Húsavík sem gekk bara rosalega vel. Enduðum við svo á Eimskipsmóti okkar Völsunga þar sem stelpurnar sýndu öðrum liðum hvað þær hafa lært og hvernig á að gera þetta.

Ekki má gleyma að segja frá því að um mitt sumarið heimsóttu okkur tvær kunnar landsliðskonur, þær Katrín Ómarsdóttir og Þóra B. Helgadóttir og voru með okkur á æfingu.

Annars var sumarið bara mjög fínt og held ég að allir hafi verið sáttir í sumarlok.

*Stelpur takk æðislega fyrir sumarið, höldum áfram að vera duglegar.  
Kveðja frá þjálfurum Áslaug Guðm. og Helga S.*

## 7. og 8. flokkur kk. og kvk.

Í þessum flokkum sumarið 2010 voru rúmlega 40 börn og voru þau mjög dugleg að mæta á æfingar og vera með í því sem verið var að gera. Um mitt sumar skelltum við okkur á Strandarmótið á Árskógsströnd og var það að flestra mati stórskemmtilegt mót og sýndu krakkarnir sínar allra bestu hliðar og voru með eindæmum dugleg. Æfðum við svo af miklu kappi fram að Eimskipsmótinu okkar Völsunga, þar sem börnin kepptu nokkra leiki og hafa aðrir eins taktar og hæfileikar ekki sést á Húsavíkurvelli í fjöldan allan af árum.

*Takk æðislega fyrir frábært sumar, ykkar þjálfarar  
Áslaug, Helga S, Sindri og Helga Björk.*

## Eimskipsmótið 2010-12-16

Knattspyrnumót 6. og 7. fl. kk. og kv. Eimskipsmótið var haldið sunnudaginn 29. ágúst í frábæru veðri til knattspyrnuíðkunar. Mótinu hafði verið frestað frá helginni á undan vegna veðurs þannig að menn renndu frekar blint í sjóinn með þátttöku og niðurröðun var ekki



Mynd frá Eimskipsmótinu. Mynd: Már Höskulds.

klár fyrr en fyrsti leikur var blásinn á. Mótið gekk á allan hátt eins og best verður á kosið. Allt skipulag gekk upp þó á síðustu stundu væri vegna óvissunnar um þátttöku liða. Það sýnir vel fram á hvað jákvætt hugarfar þátttakenda og framkvæmdaaðila hefur mikið að segja. Mótið sjálft gekk líka vel, samtals voru spilaðir yfir 80 leikir á sex völlum. Þátttakendur gátu svo gætt sér á Goðapylsu áður en þau héldu heim glöð í bragði eftir ánægjulegan dag.

*Mótsstjóri þakkar öllum þeim sem að mótinu stóðu kærlega fyrir gott samstarf.*

Óskum Húsvíkingum  
og Þingeyingum nær  
og fjær gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári.



**NORÐLENSKA**

*Mannvit*  
óskar Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls  
komandi  
árs.



**MANNVIT**  
VERKFRÆÐISTOFA  
GARÐARSBRAUT 5



Úddi ehf.

óskar Húsvíkingum og Þingeyingum öllum  
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum söguhornsgestum  
samveruna á liðnu ári.

Axel og Trausti.




Óskum öllum Völsungum til sjávar  
og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.



**ORKUVEITA**  
**HÚSAVÍKUR**



*Gleðileg jól*

farsælt komandi ár.

Þökkum  
viðskiptin á  
árinu sem er að  
líða.



*Íslandsbanki*

Óskum viðskiptavinum  
okkar og Þingeyingum  
öllum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi  
ári með þökk fyrir sam-  
skiptin á árinu.



**MÚRBÚÐIN**



# Ungmenningarhúsið Tún

## Ungmenningarhúsið Tún

Í haust urðu miklar breytingar á félagsstarfi ungmenna hér í bæ. Starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Keldunnar flutti í nýtt húsnæði nánar tiltekið í Tún. Opnað var með pomp og prakt í byrjun september og hefur starfið gengið mjög vel. Umsjónarmaður með starfinu er Sigríður Hauksdóttir en auk hennar starfa þar Berglind Hauksdóttir og Óskar Andri Ólafsson. Í húsinu er opið fyrir 10 – 12 ára á fimmtudögum frá 17:00 – 18:30, 13 – 15 ára á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum og 16 – 25 ára á mánudags- og miðvikudagskvöldum. Húsið er virkilega vel til þess fallið að vera með félagsstarf í því. Núna höfum við fleiri herbergi og hægt er að gera margt í einu. Í húsinu er gott bíóherbergi, stór spilastofa, tölvuherbergi, borðtennisherbergi, þráðlaust net og fleira. Dagskráin hefur verið fjölbreytt og skemmtileg og mikil og góð aðsókn, m.a. hefur verið boðið upp bíókvöld, leikhúsfærð en unglingastigið og framhaldsskólinn slógu saman í rútu og skelltu sér á Rocky Horror, svitakvöld og ensk-kvöld svo eitthvað sé nefnt. Dagskráin er í höndum Nemendaráðs Borgarhólsskóla og Túnráðs. Í húsinu er líka æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir og svo er draumurinn að koma útvarpinu aftur í loftið. Ýmislegt spennandi er líka framundan eins og t.d. Hugmyndasmiðja fyrir yngri krakkana og listahátíð fyrir 14 – 25 ára sem ber heitið Paunk. Á miðvikudagskvöldum er opið hús fyrir alla þar sem bæjarbúar geta mætt í bíó, á tónleika, sýningar af ýmsu tagi og fleira spennandi. Við hvetjum fólk til að kíkja í heimsókn og fylgjast með okkur á heimasíðunni okkar Úti á Túni og á facebook.



Tún.



Frá starfsemi í Túni.



Frá starfsemi í Túni.



Gleðileg jó!  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.

**metro**  
hárstofa



Snurrtístofan  
**HILMA**  
Sími: 464 1837

Gleðileg jó!  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



**NORÐURVÍK**  
HÖFÐA - HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1879 • GSM 898 8379

Óskum Húsvíkingum  
og nærsveitungum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs.



  
**Víkursmiði**

Gleðileg jó!  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



  
**ÍSFELL**  
www.isfell.is



Óskum Völsungum  
og Húsvíkingum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf

Endurvinnslan hf.  
óskar Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.



Móttaka einnota umbúða  
á Húsavík frá kl 8-12 virka daga.



*Gleðileg jól*  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.




## Húsvíkingar – Þingeyingar

Óskum ykkur gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.  
Þökkum viðskiptin á árinu  
sem er að líða.



Óskum Völsungum  
og Húsvíkingum öllum  
gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir árið sem er að líða



nice

Höfða 2 - Pósthólf 246 - 640 Húsavík  
Sími/tel: 464 2050 - Fax: 464 2150  
E-mail: nice@nice.is - www.nice.is



# Sund 2010

## Sundárið 2010.

Á árinu er sundstarfið búið að vera með hefðbundnu sniði.

Á þessu ári var ekki farið mikið í burtu á sundmót, eldri iðkendum hefur fækkað nokkuð en þeir yngri að bætast við og skýrir það að hluta af hverju ekki var farið í burtu á mót, en mótin voru svona.

Páskamót á Húsavík 20. mars.

Lionsmót Ránar á Dalvík 10. apríl.

17. júní-mót á Húsavík og var uppskeruhátíð haldin eftir mótið.

Unglingalandsmót UMFI í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.



Héraðsmótið í sundi var haldið 9. október, keppendur komu frá Völsungi, Eflingu og Geisla. Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Valdís Jósefsdóttir frá Völsungi, og stigahæstur í karlaflokki var Starkaður Snær Hlynsson frá Eflingu.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið fór fram á Húsavík 5. nóvember, þar mættu foreldrar og börn, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér saman.

Í ár erum við kominn í samstarf með Samherja úr Eyjafirði og komu 27 krakkar frá þeim og kepptu sem gestir á héraðsmótinu og eru þau búin að bjóða sunddeildinni í æfingabúðir á Hrafnagili eftir áramót.

Sundmaður Völsungs var valin Valdís Jósefsdóttir og var hún einnig valin sundmaður HSP.

Við höldum áfram að bjóða upp á æfingar á Laugum tvisvar í viku og sjá Snæfríður Arnardóttir og Sýlvía Víðisdóttir um æfingarnar þar og æfa 15 börn frá félögnum, Eflingu og Geisla, og koma Völsungar með þeim á æfingar einu sinni í viku. Yfirþjálfari er Árný Björnsdóttir íþróttakennari og heldur hún utan um allar æfingar á svæðinu, henni til aðstoðar við þjálfun á Húsavík er Valdís Jósefsdóttir. Á Húsavík æfa um 20 börn.

**Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum Þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.**

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundráðs HSP  
Elisabet Sigurðardóttir.**

*Hlembakari óska Völsungum  
sem og öllum Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og gæfuríks komandi árs.*



# ÁRAMÓTABRENNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR Í  
ÁRAMÓTABÁLKESTI BÆJARINS  
KL. 16:30 ÞANN 31. DESEMBER.

KIWANISKLÚBBURINN VERÐUR MEÐ  
FLUGELDASÝNINGU Í BODI NORDURÞINGS  
ÚTSKRIFTARNEMAR FSH SJÁ UM AÐ TENDRA  
ELDINN.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2010  
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.

MUNID AÐ KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA NÉ  
BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA HJÁ  
KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



NORDURÞING ÆSKULÝDSFULLTRÚÍ

# Sundlaugin á Húsavík

**OPNUNARTÍMI UM JÓL OG  
ÁRAMÓT. 2010-2011**

**AÐFANGADAGUR 24.12  
KL.10.00-12.30**

JÓLADAGUR 25.12. LOKAÐ

ANNAR Í JÓLUM 26.12 KL. 10.00-13.00

Mánudagur 27.12 KL. 06.45-10.00  
og 16.00-21.00

Þriðjudagur 28.12 KL. 06.45-10.00  
og 16.00-21.00

Miðvikudagur 29.12 KL. 06.45-10.00  
og 16.00-21.00

Fimmtudagur 30.12 KL. 06.45-10.00  
og 16.00-21.00

Gamlársdagur 31.12 KL.10.00-15.00

NÝÁRS DAGUR. 01.01 /2011. LOKAÐ

**Aðra daga opið eins og venjulega.  
FORSTÖÐUMAÐUR.**

Gleðileg jóla,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum og  
Þingeyingum gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



**Betri færur ehf**

Óskum  
viðskiptavinum  
okkar gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



**Bilaloga Húsavíkur**  
Garðarsbraut 66 • Húsavík  
Símar 464 1888 & 464 2500

Óskum Húsvíkingum  
öllum gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.  
Þökkum liðin ár.



Gleðileg jóla  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



**HÁRIÐJAN**  
Ella og Guðný

Gleðileg jóla,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Þekkingarsetur  
Þingeyinga

Óskum Þingeyingum  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs,  
þökkum viðskiptin  
á árinu.



Gleðileg jóla  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



**HÚSASMÍÐJAN**  
www.husa.is

Sparisjóðurinn óskar  
viðskiptavinum sínum  
sem og öllum Þingeyingum  
gleðilegra jóla og farsæls komandi  
árs með þökk fyrir viðskiptin á  
árinu.



**SPARISJÓÐUR**  
SUÐUR-ÞINGEYINGA  
HÚSAVÍK • FOSSHÖLL • LAUGAR • ÞYATNÝSSVEIT

# Frjá Handknattleiksráði

Handknattleikisíðkun á Húsavík hefur á liðnum árum og áratugum verið nokkuð sveiflukennd og átt sínar hæðir og lægðir. Að einhverju leyti hefur þróunin fylgt straumum og stefnum á landsvísu, þar sem handboltaiðkun hefur af einhverjum ástæðum ekki alltaf haldist í hendur við gífurlegan áhuga landans á handboltalandsliði sínu. Undanfarin misseri hefur verið rólegt yfir handknattleikisíðkuninni á Húsavík og ekki náðst að halda úti mörgum yngri flokkum eða meistaraflokkum.

Það hefur hins vegar verið stígandi í handknattleiksstarfi Völsungs árið 2010. Með góðum rekstri og öflugri tekjuöflun hefur náðst allgóð fjárhagsstaða deildarinnar. Þessi staða varð m.a. til þess að ákveðið var að blása til sóknar nú síðastliðið haust, hefja uppbyggingu meistaraflokks karla og reyna eins og kostur er að efla þátttöku og faglegt starf í yngri flokkum.

Meistaraflokki karla var komið á legg nú á haustmánuðum. Markmið handknattleiksráðs veturinn 2010-2011 snúa einkum að því að byggja upp meistaraflokkinn með utandeildarkeppni og öðrum stökum verkefnum (t.d. bikarkeppni HSÍ), en stefna að þátttöku í deildarkeppni HSÍ sem allra fyrst. Þjálfari meistaraflokks er Vilhjálmur Sigmundsson, sem er einn af leikreyndari og tryggari handboltamönnum Völsungs. Ásamt Villa var samið við Guðlaug „okkar“ Arnarsson sem kemur reglulega sem „gestþjálfari“ og til ráðgjafar og hvatningar. Eins og kunnugt er leikur Gulli nú með Akureyringum í toppsæti efri deildar og eru hæg heimatökin að fá hann austur í heimsókn af og til.

Í yngri flokkum eru nú í árslok 2010 starfræktir 3., 5. og 6./7. flokkar drengja. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar hefur ekki náðst af stað kvennaflokkur í handbolta þennan veturinn, en áform eru uppi um að gera annað áhlaup í þeim efnum um áramót. Almennt var lögð sérstök áhersla á að fá menntað og/eða reynslumikið fólk til að sjá um þjálfun. Þessi stefna bar góðan árangur í haust þegar Jóhann Pálsson fékkst til að þjálfva 5. fl. drengja og Jóna Björg Pálmadóttir til að þjálfva 6./7. fl. Þá var farin sú leið með 3. flokk að þjálfva hann samhliða meistaraflokki og sér Vilhjálmur Sigmundsson því einnig um 3. fl. Sér til halds og trausts hefur Villi Aðalstein Jóhann Friðriksson, sem hefur þjálfað töluvert í handboltanum undanfarin misseri með góðum árangri. Handknattleiksráð er sérstaklega ánæggt með þetta öfluga þjálfarateymi. Þátttaka í yngri flokkum hefur farið vaxandi á árinu og eru iðkendur nokkru fleiri á haustmisseri en voru í vor. En betur má ef duga skal.

Að byggja upp öflugt handboltastarf með fjölda iðkenda, virkum meistaraflokki/-um og faglegu starfi er langhlaup en ekki



Völsungur - FH Eimskipsbikar. Mynd: Hafþór Hreiðarsson

spretthlaup í ekki stærra samfélagi en okkar. Kraftmiklum og nægilega fjölmennum liðum í hópíþróttum verður ekki komið upp á einu ári. En handknattleiksráð hefur töluverða þolinmæði og stefnir ótrátt á öflugt og líflegt handboltastarf yngri flokka á næstu misserum. Það er okkar von að innan Völsungs muni á næstu árum þróast nán samvinna milli deilda/greina, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Þannig verði handboltinn aðal-vetrarhópiþrótt Völsungs yfir háveturinn á móti hinu öfluga fótboltastarfi frá vori og fram á haustið. Þjálfun, keppni og iðkun þarf að tvinnast saman milli greina þannig að ánægja og árangur verði sem mest fyrir allar greinar. Við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti samfélagsins og gera iðkendum, bæði börnum og fullorðnum, kleift að vera virkir þátttakendur í fleiri en einni íþrótt með Völsungi.

**Með bestu kveðju,**

**Handknattleiksráð 2010-2011:**

**Lúðvík Kristinsson, Einar Gestur Jónasson, Kristbjörn Þór**

**Jónsson, Óli Halldórsson**

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Gleðileg jól, farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**Höfðavélar ehf**

Óskum bæjarbúum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, með þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



**GARÐARSHÓLMI**

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár Megi framtíðin vera björt. Þökkum liðnu árin.



**Höll ehf**  
Höfða 11 - 640 Húsavík  
Sími/Fax: 464 2200  
e-Mail: [holl.ehf@simnet.is](mailto:holl.ehf@simnet.is)  
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161  
VINNUVELAR-VERKTARAR



# Jóla­kveðja

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Þingið

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum og landsmönnum öllum þjartrar framtíðar, gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



**NORÐURÞING**



# Íþróttaskóli og Hreyfingaskóli Völsungs

## Hreyfingaskóli Völsungs

Hreyfingaskólinn er unnin í samstarfi við Borgarhólsskóla. Börnin koma beint úr skólanum í skólann og eru þar í 60 min. Nú er skólinn í boði fyrir 1.-4. bekk. Rúmlega 30 börn eru skráð á haustönninni.

Í haust urðu áherslubreytingar í skólanum, hætt var að leggja áherslu á kynningu á greinum hjá félaginu og þess í stað tekið upp fyrirkomulag sem miðar meira að því að auka á hreyfifærni og hreyfigetu iðkendanna. Það hefur verið mikið fjör í tímunum hjá okkur og vonum við að krakkarnir hafi gaman af þessu og haldi áfram að taka þátt í Hreyfingaskólanum á meðan hann er í boði fyrir þau. Það er okkar von að þessi skóli sé kominn til að vera og hægt verði að þróa hann enn frekar í samstarfi við Borgarhólsskóla þannig að við getum boðið uppá markvissa og skemmtilega hreyfingu fyrir börn og jafnvel unglinga í framtíðinni.

Kveðja

Unnar Þór, Þórunn og Þórný

## Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn er starfræktur með sama sniði og síðasta vetur, þ.e.a.s. tveir hópar yngri og eldri barna. Í haust eru skráð 70 börn og er það alveg frábært. Við höfum reynt að virkja foreldra til þátttöku enda teljum við þetta eiga að vera ánægjulega stund barns og foreldra. Það er ávallt mikið fjör á laugardögum í íþróttahúsinu þegar börnin mæta á svæðið og fá að hreyfa sig í þessu stóra rými sem í boði er. Þau fá að spreyta sig á ýmsum æfingum og þrautum sem alltaf virðast vekja mikinn áhuga og ánægju hjá þeim og ávallt eru börnin jafn þakklát þegar tíminn er búinn. Það eru alltaf mörg brosandí andlit sem mæta okkur á laugardagsmorgnum og vonum við að svo verði áfram þegar Íþróttaskólinn hefst að nýju eftir jólafrí.

Bestu kveðjur

Áslaug, Unnar og Helga

Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum  
viðskiptavinum okkar  
gleðilegra jóla  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu.



KEA

síðan 1886

Óskum viðskiptavinum okkar  
gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

# Frá Blakdeild Völsungs 2010

Blakárið hér á Húsavík byrjaði með Nýársmóti okkar Völsunga þann 9. janúar 2010. Til keppni mættu sextán blaklið, þar af þrjú kvennalið og eitt karlalið frá okkur. Næst var haldið til keppni á Eikarmótið á Akureyri í febrúar þangað sem tvö kvennalið fóru. Síðan var farið á Siglómótið í lok febrúar, sem að sjálfsgöðu er á Siglufirði, með eitt kvenna- og eitt karlalið.

Þá var komið að Íslandsmóti öldunga (30 ára og eldri) sem fram fór að þessu sinni í Mosfellsbæ 13. – 15. maí. Þetta mót var það 35. í röðinni og þangað sendi Völsungur þrjú kvennalið, í 1. 3. og 8. deild og eitt karlalið sem spilaði í 2. deild. Fystudeildarliðið endaði í 5. sæti, liðið í 3. deild í 3. sæti og 8. deildarliði í því fyrsta og spilar því í 7. deild að ári en kvennadeildirnar eru 10 og ein öðlingadeild sem er skipuð konum 40 ára og eldri. Strákarnir lentu í 4. sæti í 2. deild en deildirnar hjá körlunum eru sex. Þjálfari okkar blakárið 2009 - 2010 var Andri Hnikarr Jónsson.

Haustið hjá okkur fór vel af stað. Bjarni Páll Vilhjálmsson var ráðinn þjálfari og góð mæting hefur verið á æfingar. Nú þegar erum við búin að fara á tvö mót. Fyrsta mót haustsins var Vígslumót Rima á Dalvík þann 16. október. En þar var verið að taka í notkun nýtt og glæsilegt íþróttahús. Þangað fórum við með eitt karla- og eitt kvennalið. Þá heldum við á Haustmót KA á Akureyri helgina 12. - 13. nóvember. Eitt karlalið og þrjú kvennalið mættu til leiks þar. Gaman er að segja frá því að það var fyrsta mótið sem nýliðar Völsungs tóku þátt í. En í byrjun árs fór Jóna Kristín Gunnarsdóttir af stað með æfingar fyrir byrjendur í blaki. Það var nokkuð stór hópur af stelpum á öllum aldri sem þar mættu. Og nú í haust skiluðu margar sér aftur og æfa nú undir dyggri stjórn Guðrúnar Gísladóttur (Dunnu). Þær sem hafa aldur til stefna svo á að mæta á Öldungamótið 2011 sem fram fer í Vestmannaeyjum í byrjun maí.

Nú í haust fórum við aftur af stað með krakkabla. Það var Bjarni Páll Vilhjálmsson sem tók það að sér ásamt því að fá aðstoð úr hópi öldunga við æfingar. Hópurinn fer stækkandi og vonandi kemur að því að við eignumst öfluga krakka og unglunga í blaki á komandi árum.

Ákveðið var nú í haust að taka þátt í Íslandsmótinu í 2. deild. Sú deild er landshlutaskipt og taka sex lið héðan af Norðurlandi þátt í 2. deild norður en þar af eigum við Völsungar tvö. Ekki var þátttaka karlaliðanna næg þannig að ekki er spilað í 2. deild karla hér fyrir norðan.

Þann 8. janúar n.k. verður svo Nýársmót okkar Völsunga hér í Íþróttahöllinni á Húsavík og bjóðum við alla velkomna að líta við og fylgjast með fjörugri keppni.



**Bestu jóla- og nýárskeðjur,  
Blakdeild Völsungs**



*Gleðileg jól*  
og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

*Uggi ehf*

# Jólapistill

## Skíðadeildar Völsungs 2010

Stefán Jón Sigurgeirsson keppti fyrir félagið en æfði með landsliðinu og var að gera frábæra hluti á skíðunum. Það sem stóð kannski uppúr hjá honum var þátttaka hans á Vetrarólympíuleikunum í Kanada.

Tveir iðkendur voru hjá Völsungi fyrir utan Stefán Jón þennan vetur. Engar æfingar voru hér heima þó lyftan hafi aðeins verið opin, heldur var æft með Mývetningi undir stjórn Þorvaldar Þorsteinssonar. Gekk það samstarf afar vel og var mjög gaman með Mývetningunum og þökkum við þeim kærlega fyrir veturinn.

Við fórum eina æfingaferð á Siglufjörð með Mývetningi. Mjög skemmtileg og árangursrík ferð.

Kristófer Reykjalin Þorláksson tók þátt í 3 bikarmótum og Skíðamóti Íslands. Gekk honum



Stefán Jón Sigurgeirsson, skíðamaður.



Frá Andrésar andarleikunum.

ágætlega. Stefán Jón tók líka þátt á Skíðamóti Íslands og var hann í öðru sæti í svigi og þriðja sæti í stórsvigi. Nokkuð langt er síðan Völsungur átti fleiri en einn þátttakanda á Skíðamóti Íslands, gaman að því.

Andrésar Andarleikarnir voru svo á sínum stað, 21. – 24. apríl. Þar keppti Fannar Reykjalin Þorláksson. Honum gekk mjög vel og lenti í þriðja sæti í svigi og fjórða sæti í stórsviginu af 35 keppendum. Andrés klikkar ekki, alltaf jafngaman þar. 5 krakkar kepptu svo í göngu fyrir Völsung og er fjallað um það annarsstaðar í blaðinu.

Engin Héraðsmót voru haldin þennan veturinn.

Við enduðum svo skíðavertíðina á að fara á Guffa leikana í Mývatnssveit, þar sem keppendur mega keppa í grímubúningum, bæði börn og fullorðnir. Alltaf jafn gaman á Guffa og gott að enda vertíðina á svona fjöru og skemmtilegu móti.

Skíðadeildin óskar öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs,

**Sæunn Helga Björnsdóttir**  
**Skíðadeild Völsungs**

### Gönguskíði:

Það hefur verið mikil aukning iðkenda á gönguskíðum á síðari árum. Er nú orðinn nokkuð stór kjarni sem stundar íþróttina reglulega og hefur m.a. tekið þátt í keppnum víðsvegar um land sem og erlendis. Að auki er ört stækkandi hópur „almennings“ sem fer á gönguskíði og nýtir sér brautir og aðstæður

sem í boði eru.

Uppi á Reykjaheiði hefur verið unnið markvisst að uppbyggingu skíðasvæðis síðustu ár með góðri aðstoð fyrirtækja og stofnana eins og gengur. Þó skiptir mestu máli drifkraftur einstaklinga sem unnið hafa mikla vinnu í sjálfbodavinnu við að koma þessum hlutum áfram. Síðasta vetur var komið upp skúr með salernis- og kaffiaðstöðu sem fenginn var að láni tímabundið hjá fyrirtæki í bænum. Liggur nú fyrir að koma tveimur öðrum skúrum sem eru tilbúnir í bænum uppeftir, og við það munu aðstæður og öryggi á heiðinni stórbatna.

Eitt mikilvægasta atriðið í þessu sporti eru brautirnar og lagning þeirra. Sveitarfélagið hefur að stórum hluta séð um þá miklu og góðu vinnu á sínum troðara, og að sjálfsgöðu er vonast til að áfram verði stutt við bakið á félaginu hvað þetta varðar. Ekki má heldur vanmeta það ómetanlega sjálfbodaliðastarf sem einkaaðilar hafa lagt að mörkum við brautalagningu á sínum einkatroðara og troðara deilarinnar sem einnig er notaður við brautargerð. Í þetta fer mikill tími og er mjög kostnaðarsamt að halda við troðurum og reka þá, en góður stuðningur fyrirtækis í bænum sem og sveitarfélagsins hefur gert þetta mögulegt.

Síðasta vetur voru brautir troðnar reglulega á heiðinni og í raun flesta daga sem færi gafst til. Mátti finna þar miserfiðar og langar brautir þannig að allir áttu að geta fundið braut við sitt hæfi. Í vetur hafa verið troðnar brautir við íþróttavellina og tjaldsvæðið, og einnig í Aðaldalshrauni. Síðustu vikur hefur brautarvinnslan svo verið að færast upp á Reykjaheiði sem er jú aðal skíðasvæðið okkar. Það er ætlunin að fólk geti kynnt sér upplýsingar um ástand brauta á hverjum degi á heimasíðu Völsungs.

Síðasta vetur var starfi deildarinnar lyft á hærra plan þegar í fyrsta skipti voru í boði reglulegar æfingar fyrir börn og unglunga, auk þess sem ókeypiss námskeið voru haldin fyrir almenning. Í vetur hafa svo verið æfingar fyrir „lengra komna“ göngumenn og er mikill áhugi að bæta við þetta starf allt saman. Þjálfari í fyrra og í vetur hefur verið Þorsteinn Hymer sem búsettur er í Öxarfirði. Hefur hann unnið

frábært starf og vonumst við svo sannarlega til að geta notið krafta hans áfram. Þess má geta að hann hefur áður komið að þjálfun Íslenska göngulandsliðsins og veit svo sannarlega hvernig á að standa að þessum málum.

Gönguskiðadeildin stóð í fyrra fyrir Buch- Orkugöngunni ásamt fleirir aðilum en þessar göngur hafa verið sameinaðar og fara ört stækkandi. Er um að ræða nokkrar vegalengdir og voru þátttakendur um 70 í fyrra í öllum veglengdum, alls staðar af landinu. Orkugangan, sem er hluti Íslandsgöngunnar, er lengsta ganga landsins og eru gengnir 60 km. frá Kröflu til Húsavíkur. Tóku 37 aðilar þátt í þeirri göngu og þar á meðal bestu göngumenn landsins. Þá fóru nokkrir krakkar á Andrésar-Andar leikana og kepptu á gönguskiðum og vonandi verða þeir bara fleiri á komandi árum.

Að lokum hvetjum við áhugasama aðila til að nýta sér þessar frábæru aðstæður sem við höfum hér og kynnast þessu stórskemmtilega og heilsusamlega sporti. Sjáumst í brautinni!



# Jólaakveðja

Reykfiskur ehf. Húsavík óskar starfsfólki sínu og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.  
Reykfiskur ehf.  
Húsavík.



## Leggðu góðu málefni lið

Nú þegar jólaljósinn kvikna eitt af öðru breytir samfélagið um lit. Á sama tíma og við leitum að gjöfum handa okkar nánustu vikkar sjóndeildarhringurinn og okkur langar að leggja okkar af mörkum til þeirra sem eiga við erfiðleika að etja í lífinu. Af því að stór þáttur í manneskjinni er að vilja skipta máli og taka þátt í að skapa umhverfi sitt og samfélag.

Í Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum á landsbankinn.is er þjónusta sem auðveldar einstaklingum og fyrirtækjum að styðja við góð málefni. Á einfaldan hátt er hægt að velja á milli 80 góðgerðarféлага og leggja þeim lið með einni greiðslu eða með reglubundnum hætti allt árið. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.

Það er auðvelt að skipta máli.

landsbankinn.is | 410 4000





Séð frá sjónarhóli knattspyrnuáhugamanna á Húsavík var árið sem nú er senn á enda hið ánægjulegasta. Stór hópur, aðallega skipaður ungu fólki frá Húsavík, æfði og spilaði með meistaraflokkum félagsins á árinu. Þrátt fyrir að uppskera kvennaliðsins hafi orðið rýrari heldur en vonir stóðu til sýndi liðið á köflum fina spilamennsku. Liðið var skipað ungum stúlkum, sumar á yngra ári í 3. flokki. Stór hópur stúlkanna gekk svo formlega upp í meistaraflokk nú í haust og hafa þær æft stíft undir stjórn Unnars Þórs Garðarssonar sem ráðinn hefur verið þjálfari liðsins. Strákarnir voru seinir af stað en endaspætturinn var þeim mun glæsilegri. Liðið endaði í þriðja sæti annarar deildar og er stefnan sett á sæti í fyrstu deild að ári. Jóhann Kristinn Gunnarsson mun halda áfram sem þjálfari liðsins. Efniviðurinn er gríðarlegur í báðum þessum flokkum og sem dæmi um það þá hefur tölverður fjöldi leikmanna verið boðaður til æfinga með yngri landsliðum Íslands. Það má í raun segja að skapast hafi hefð fyrir ungu og efnilegu knattspyrnufólki sem kemur úr Völsungi. Við sem stöndum á hliðarlínunni þurfum hins vegar að vera á tánum. Svona starf þrífst á áhuga okkar og þeirri umgjörð sem við sköpum með því að styrkja liðið með hvatningarorðum úr brekkunni, fjárhagslega, með störfum okkar fyrir félagið og á allan þann hátt sem við sjáum okkur fært. Við þurfum einnig að huga verulega að aðstöðumálum. Mikið álag er á grasvöllum og efri völlum þar af leiðandi illa farinn. Aðstaða til iðkunar íþróttarinnar yfir vetrartímann er auk þess bágborin og gervigrasvöllur eina raunhæfa lausnin hvað það varðar og myndi leysa bæði þessi mál. Aðstöðumálin eru orðin verulega aðkallandi og þeirra því getið hér. Um leið og við þökkum öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn knattspyrnunni á Húsavík til framdráttar þá óskar knattspyrnuráð Völsungs öllum Völsungum gleðilegra jóla, árs og friðar.

# MEISTARAFLOKKAR VÖLSUNGS

## Myndir frá liðnu sumri

Jón Höskuldsson, formaður knattspyrnuráðs



Myndir: Hafþór Hreiðarsson




Öskum viðskiptavinum okkar  
**GLEÐILEGRA JÓLA**  
og farsæls komandi árs.  
Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarsbraut - Húsavík

Héraðssamband Þingeyinga sendir  
Þingeyingu öllum, styrktaraðilum  
og öðrum velunnurum  
bestu jóla- og nýársóskir  
með þökk fyrir gott samstarf  
og gleðistundir á árinu.



STÓRIGARÐUR 8 640 HÚSAVÍK 8953302

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Samkaup úrval

Reiðskólinn í Saltvík óskar  
nemendum sínum og  
fjölskyldum þeirra gleðilegra  
jóna og farsæls nýs árs.  
Hittumst hress  
á nýju hestaári



Gleðileg jól  
og farsælt komandi  
ár. Þökkum viðskiptin á  
árinu sem er að líða.



Laugi ÞH 29

**SBA-NORÐURLEIÐ**

[www.sba.is](http://www.sba.is)  
[sba@sba.is](mailto:sba@sba.is)

AKUREYRI  
☎ 5 500 700



**Traustur ferðafélagi!**

Gleðileg jól,  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



orkusalan





# Gleðileg jól

farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF ehf.

*Óskum landsmönnum  
öllum gleðilegra jóla*

*Um leið og við siglum inn í nýtt ár óskum  
við þjóðinni farsældar og þökkum samstarfið  
og stuðninginn undanfarin 95 ár.*

# Jólaþveðjafrá fimleikadeildinni

Þá er enn eitt árið að líða. Í haust breyttust þjálfaramálin hjá okkur. Guðrún Einarsdóttir hélt til framhaldsnáms í Hollandi og þökkum við henni kærlega fyrir samstarfið. Hefðum alls ekki viljað missa hana en vonum bara að hún eigi afturkvæmt til okkar síðar. Þá stóðum við nú frammi fyrir því eins og svo margar deildir kannast við að vera yfirþjálfaralausar. Þar sem ómögulegt virðist vera að fá aðkomumanneskju til þjálfunar í hlutastarf, óskuðum við eftir samstarfi við Fimak og tóku tvær yndislegar stelpur þær Íris og Emma að sér að koma 2 sinnum í mánuði til okkar. Þær eru vel menntaðar í fimleikabjálfun og með margra ára reynslu að baki. Síðan sömndum við um að fá að koma með krakkana á mið- og efastigi til Akureyrar af og til og fá að æfa í glænýrri fimleikahöll þeirra Akureyringa. Guðrún Kristinsdóttir tók síðan að sér að vera aðalþjálfari og henni til aðstoðar kom gömul fimleikastelpa inn, hún Harpa Hrönn Björnsdóttir. Þeim til aðstoðar við þjálfun yngsta stigsins eru Sigrún Lilja Sigurgeirsdóttir og elstu fimleikastúlkurnar okkar, þær Magnea, Elma og Jónína.

Eins og þeir vita sem fylgst hafa með okkur höfum við verið að leggja mikið á okkur í fjáröflunum til að endurnýja áhöldin okkar. Á síðasta ári vorum við svo heppnar að hljóta eina 3 góða styrki og þriðja árið í röð sáum við um 17. júní hátíðarhöldin. Staðan var því orðin sú að við gátum nú keypt fiber gólf. Við vorum ekki bjartsýnar á að það tækist nema eftir allavega 5-8 ár þar sem nýtt svoleiðis gólf kostar 3,5 milljónir. En við fórum á stúfana núna í nóvember og vorum svo heppnar að Keflvíkingar voru að skipta út 5 ára gömlu gólfi hjá sér og keyptum við það á 1 milljón krónur. Fiber gólf er 9 metra löng braut sem krakkarnir taka stökk á. Gólfið leysir að hluta til af gamla loftdýnu.

Í nóvember fórum við með 14 stelpur á sterkt mót í Keflavík. Það var afar skemmtileg ferð. Þar var gist í íþróttakademíunni í Reykjanesbæ og keppt í glænýrri fimleikahöll þeirra Keflvíkinga. Frammistaða stelpunnanna var hin besta og eiga þær hrós skilið fyrir það. Auður Gauksdóttir fékk brons fyrir stökk og að sjálfsgöðu erum við stoltar af því. Fimleikar eru virkilega að sækja á sem íþróttagrein og gaman að geta þess að fimleikar eru þriðja mest stundaða íþróttin í landinu. Fimleikadeildin óskar öllum gleðilegra jóla, árs og friðar.



myndtexti?

## Borðtennisdeild

Um 6-8 unglingar sóttu æfingar í íþróttahöllinni einu sinni í viku s.l. vor. Eina helgi leiðbeindi kennari frá Borðtennissambandi Íslands, Húsvíkingurinn Kristján Viðar Haraldsson. Góður rómur var gerður að komu hans. Það þyrfti að bjóða upp á fleiri slíkar „gulrætur“ til að laða unga fólkið og gamlingjana að íþróttinni en þeir létu ekki sjá sig. Undirritaður hafði ekki tök á því að taka þátt í Íslandsmóti öðlinga, þ.e.a.s. öldunga en hyggst bæta úr því en þá þarf hann að fara að æfa sig. Í haust ákvað hann að taka sér Sabbat frá íþróttinni. Fyrir vikið lögðust æfingar nánast niður í höllinni sem er miður en það má alltaf bæta ráð sitt í þessum efnunum eins og öðrum með hækandi sól. Undirritaður vill frekar standa heill að þessu verki en hálfur eins og maðurinn sagði.

**Gleðileg jól og farsælt komandi ár  
Sighvatur Karlsson**

### Hnit:

Hnitdeild Völsungu gerði tilraun nú á haustdögum að halda úti æfingum fyrir börn og unglunga. Æft er einu sinni í viku og hafa viðtökur verið góðar. 15 – 20 krakkar hafa æft undir stjórn Karls Hannesar Sigurðssonar. Að sögn Karls hefur gengið vel, krakkarnir áhugasamir og verður haldið áfram á sömu braut eftir áramót og byggt ofan á það sem gert hefur verið í haust. Engin æfingagjöld voru innheimt á haustönninni og ekki er gert ráð fyrir að æfingagjöld verði innheimt á vorönn 2011.

Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



**VERSLUNIN**  
**TÁKN**

Óskum öllum Húsvíkingum gleðilegra jóla. Þökkum viðtökurnar síðasta sumar Opnum aftur með hækandi sól





# Bocciadeild Völsungs 20 ára



## Árið 2010 var gott og ánægjulegt afmælisár hjá Bocciadeildinni.

Pá er enn lokið einu starfsárinu hjá Bocciadeild Völsungs og því hollt að rifja upp það helsta úr starfi deildarinnar á liðnu ári. Árið var nokkuð sérstakt að því leiti að deildin átti 20 ára afmæli á árinu, en Bocciadeild ÍFV var stofnuð 24. mars 1990. Æfingar og þjálfun hefur verið með hefðbundnu sniði, það er æft að jafnaði tvö kvöld í viku í flokki fatlaðra, en aldraðir æfa á daginn. Þátttaka í báðum flokkum áþekkt og áður, að þjálfun á vorönn kom Sigríður Hauksdóttir og nú í haust Anna María Þórðardóttir, og kann deildin þeim miklar þakkir fyrir. Starf deildarinnar á árinu, að undanskildu afmælishaldi, var þó að mörgu leiti með líku sniði og áður hvað varðaði æfingar, félagsstarf og þátttöku á mótum s.s. Íslandsmótum, árlegu Hængsmóti á Akureyri, Norðurlandsmóti á Siglufirði og mótum hér heima. Á æfingar hjá deildinni mæta eins og áður einstaklingar úr nágrenninu s.s. Reykjahverfi, Reykjadal og Bárðardal.

Fyrsta mót ársins var að venju „Opna Húsavíkurmótið í Boccia“ sem nú var haldið 20. febrúar í Íþróttahöllinni og var um leið 20 ára afmælishátíð Bocciadeildarinnar.

Opna Húsavíkurmótið í Boccia er orðinn fastur liður í starfi Bocciadeildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins, sem annast alla dómgæslu, merkingu valla, og kemur að öllum undirbúningi mótsins eins og Kiwanisfélagar hafa gert á öllum fyrri mótum sem orðin eru 21 að tölu. Mótinu stýrðu Bragi Sigurðsson og Kristín Magnúsdóttir úr stjórn Bocciadeildar.

Mótið tókst í alla staði afar vel, þátttaka mjög góð eða 38 sveitir sem er metþátttaka og gestir allt að 160 manns sem sýnir enn og aftur að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að taka þátt í starfinu og styðja við bakið á Bocciadeildinni, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Úrslit mótsins voru: 1. sæti Örafabráður, (sveit úr Bárðardal, Ásgrímur og Ástþór), 2. sæti Heimamenn, (Róbert /Jana), 3. sæti Verslunin Tákni, /Hjálmar/Ingimar) og 4. sæti Grænuvellir A-sveit, (Anna María/Ágústa). Þá voru veitt sérstök verðlaun fyrir þá sveit sem var „sérstökust“, og „flottasta búninginn“, og „sérstakasta nafnið“

Mótið var afar skemmtilegt og tókst í alla staði mjög vel, mikil stemming og spenna, og þurfti bráðabana bæði til að útkljá um 1.sætið og 3. sætið.

Að loknu Bocciamóti hófst athöfn þar sem húsvískt íþróttafólk var heiðrað fyrir frammistöðu, ástundun og árangur á árinu 2009. Æskulýðs- og boccianefnd Kiwaniskl. Skjálfanda sá um allan undirbúning og val á „Íþróttamanni Húsavíkur“ svo og afhendingu verðlauna. Einn félagi úr nefndinni, Egill Olgeirsson ávarpaði viðstadda, íþróttafólk, forsvarsmenn íþróttafélaganna og aðra gesti. Hann sagði m.a. frá undirbúningi og hvernig staðið er að vali íþróttafólks og kjöri „Íþróttamanns Húsavíkur“ sagði hann m.a. „að þetta væri í 14 skipti sem klúbburinn heiðrar afreksfólk í íþróttum og veitti þeim viðurkenningar með þeirri aðferð sem hér væri viðhöfð. Þá sagði hann þetta verk væri gefandi og ánægjulegt og orðið að föstum lið í starfi klúbbsins og hefði jafnframt unnið sér fastan sess í íþróttalífi bæjarins.“

Í allt voru veittar 16 viðurkenningar til íþróttafólks í tíu íþróttagreinum auk sérstakra verðlauna í formi ferðastyrks frá Kiwanisklúbbum til eftirtalda einstaklinga sem urðu í þrem efstu sætum í vali á „Íþróttamanni Húsavíkur 2009.“

Í 3. sæti varð Þóra Kristín Sigurðardóttir, fimleikamaður

Í 2. sæti varð, Arnþór Hermannsson, golf- og knattspyrnumaður

og Íþróttamaður Húsavíkur 2009 varð Stefán Jón Sigurgeirsson, skíðamaður.

Bocciamaður Húsavíkur 2009 var Kristbjörn Óskarsson í eldri flokki og Sylgja Helgadóttir í flokki 16 ára og yngri. Þá var afhendur „Hvatningabikar ÍF“ sem bocciamaðurinn Ásgrímur Sigurðsson á Lækjarvöllum í Bárðardal hlaut að þessu sinni.

Á mótinu var þess minnst að 20 ár væru liðin frá stofnun deildarinnar og að starf hennar hefði verið kröftugt og farsælt öll árin með dyggum stuðningi Skjálfanda.

Af því tilefni bauð deildin öllum viðstöddum í glæsilega afmælistertu og kaffi, við það tækifæri ávarpaði form. Völsungs, Linda Baldursdóttir, samkomuna og færði þeim Braga Sigurðssyni form. og stjórnarmönnum Kristínu Magnúsdóttur og Agli Olgeirssyni veglega blómavendi í tilefni dagsins, en þau öll hafa starfað og stýrt deildinni frá upphafi, Bragi og Egill sem fulltrúar Skjálfanda

Þá heiðraði Kiwanisklúbburinn Skjálfandi Braga Sigurðsson formann Boccia-deildar Völsungs og féлага í klúbbum, með því að veita honum „Silfurstjörnu Kiwanis“ fyrir mikið og fórnúst starf að íþróttamálefnum fatlaðra í 20 ár.

En fyrir rúmum 20 árum tók Bragi að sér að undirbúa og koma á fót íþróttafélagi fyrir fatlaða hér á svæðinu að frumkvæði Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, og afrakstur þeirrar vinnu var stofnun Bocciadeildar Völsungs og hefur Bragi verið formaður hennar frá upphafi, en Kiwanisklúbburinn Skjálfandi verið sérstakur stuðningsaðili deildarinnar.

Segja má að dagurinn allur, Húsavíkurmótið í Boccia, afmæli Bocciadeildarinnar og kjör „Íþróttamanns Húsavíkur 2009“, svo og athöfnin öll hafi tekist vel. Verið hátíðleg, vel sótt af bæjarbúum, Bocciadeildinni og Kiwanisklúbbum til sóma.

Næsta mót ársins var svo Íslandsmótið í Boccia – liðakeppni, sem haldið var í Reykjavík 19.- 21. mars. Bocciadeild Völsungs sendi að þessu sinni þrjár sveitir til keppni, A, B og C-sveit, A-sveitin keppti í 1. deild, B-sveitin í 2. deild og C-sveitin í 3. deild. Árangur sveitanna var vel viðunandi, C-sveitin sem í voru Sylgja, Anna María og Gerða, spiluðu mjög vel og komu sér í úrslit og á endanum stóðu þær á verðlaunapalli og hömpuðu þriðja sætinu. Aðrar sveitir náðu ekki verðlaunasæti, en á Íslandsmóti er verið að keppa við öll bestu lið landsins.

Farið var suður á bíl frá Rúnari Ókarssyni á föstudag og keyrt aftur norður á mánudag, bílstjóri var Bragi formaður, en aðrir fararstjórar voru Kristín Magnúsdóttir og Ann M Þórðardóttir. Tókst ferðin í alla staði vel, gist var á Hótel Cabin og mótið endaði á veglegu lokahófi.

Þá var komið að Hængsmóti á Akureyri sem var 30. apríl-2. maí, en það er að styrkleika eins og Íslandsmót. Á Hængsmót mættu frá Völsungi 3 vaskar sveitir í flokki fatlaðra og 9 keppendur voru skráðir í einstaklingskeppni, en því miður treystu eldri borgarar sér ekki á mótið að þessu sinni. Árangur okkar fólks var góður og komust sveitir og einstaklingar frá okkur áfram í úrslit þó enginn næði á verðlaunapall. Að venju var gist að Lónsá, og ferðast á einkabílum.

Íslandsmót í Boccia einstaklingskeppni var svo haldið í Reykjanesbæ, dagana 2. og 3. október. Mótshaldari að þessu sinni var íþróttafélagið Nes í Keflavík.

Frá Völsungi mættu 8 keppendur, og áttum við keppendur í 1.-5. deild. Árangur okkar fólks var góður, nokkrir komust áfram í milliriðla en enginn á verðlaunapall að þessu sinni. Keyrt var suður á föstudag á rútu frá Rúnari Óskarssyni og heim aftur á mánudag. Bílstjóri var eins og oft áður Bragi Sigurðsson formaður, en þetta fyrirkomulag með góðum stuðningi frá fyrirtækinu Fjallasýn gerir okkur fært að fara í slík keppnisferðalög.

Lokamót 2010 var svo árlegt Norðurlandsmót 6. nóvember s.l. sem Íþróttafélagið Snerpa á Siglufirði hélt að þessu sinni, og fóru keppendur Boccideildar galvaskir að venju á rútu frá Rúnari undir handleiðslu Braga formanns og bílstjóra. Til leiks mættu frá Boccideild Völsungs 5 lið frá fötluðum. Árangur var góður og urðu Kiddi og Olli Norðurlandmeistarar, var það góður endir á skemmtilegu afmælisári hjá Bocciadeildinni.

Tókst mótið í alla staði vel og í lok mótsins var glæsilegt lokahóf og dansað fram eftir kvöldi. Það var þreyttur mannskapur sem skilaði sér til Húsavíkur þegar komið var langt fram á nótt eftir skemmtilegt ferðalag. Næsta Norðurlandsmót verður svo haldið á Húsavík að ári og mótshaldari er Bocciadeild Völsungs.

Gott starf hefur verið hjá Bocciadeildinni á afmælisárinu, verkefnið svipuð og fyrri ár. Starfið hefur gengið að öllu leiti mjög vel fyrir sig hvort sem um er að ræða æfingar, ferðir á mót, eða innra félagsstarf, enda valinn maður í hverju plássi. Árangur góður og andinn í hópnum frábær og markmiðið að sjálfsgöðu að gera enn betur á næsta ári.

Stjórn Boccideildar ÍFV er lítið breytt undir traustri stjórn formanns, Braga Sigurðssonar, og dyggri aðstoð stjórnarmannanna Kristínar Magnúsdóttur, Egils Olgeirssonar og Önnu M Þórðardóttur.

Allt frá stofnun deildarinnar hefur Kiwanisklúbburinn Skjálfandi verið traustur bakhjarl, veitt deildinni fjárhagslegan stuðning, komið að þjálfun og aðstoðað við mót, eins var þetta árið og er þessi stuðningur íþróttafólkinu ómetanlegur.

Vill Boccideild Völsungs um leið og þakkað er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu afmælisári.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár  
Þess óskar Bocciadeild ÍFV  
des.2010/Egill Olgeirsson**

# Jólaannáll Siglingaklúbbs Völsungs

Frá Siglingaklúbbi Völsungs

Haldið var eitt vikunámskeið í sumar í tengslum við Mærudagana. Leiðbeinendur komu frá Siglingaklúbbum Nökkva á Akureyri. Góð þátttaka var á námskeiðið eins og undanfarin ár. Tveir strákar tóku þátt í Íslandsmótinu sem haldið var á Akureyri í ágúst, glæsilegt hjá þeim.

Að lokum viljum við þakka öllum sem hafa staðið í þessu með okkur fyrir hjálpinu og þökkum krökkunum kærlega fyrir samveruna og skemmtilegar stundir í fjörunni.

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum.

**Siglingaklúbbur Völsungs:  
Sæunn Helga Björnsdóttir og Ingólfur Freysson**



Óskum viðskiptavinum okkar



og Völsungum öllum  
gleðilegra jóla og farsældar  
á komandi ári.



Takk fyrir viðskiptin  
á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu.



Skorum með  
þrumuskotum  
á nýju ári.



Óskum öllum Völsungum til  
sjávar og sveita gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



www.golfistar.is

Óskum Húsvíkingum og  
Þingeyingum gleðilegra  
jóla og farsæls  
komandi árs.  
Þökkum viðskiptin  
á árinu sem  
er að líða.



Völsungar!

Óskum ykkur gleðilegra  
jóla og farsældar  
á komandi ári.



Þökkum liðið ár.

Steinsteipir ehf

Óskum bæjarbúum  
gleðilegra jóla og  
farsæls komandi árs  
með þökkum fyrir  
viðskiptin á árinu.



Bókaverslun  
Pórarins



Gleðileg jól  
farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin  
á liðnum árum.



Ráðgjöf - Hönnun - Úttektir - Verkstjórnun  
**Faglausn ehf**  
S: 898-8302, mail: faglausn@faglausn.is

**GLEÐI  
GJAFIR**

Sendu jólapakkana með  
Landflutningum og allt  
andvirði flutningsgjaldsins  
rennur óskipt til jólaaðstoðar  
Mæðrastyrksnefndar.

**890 kr.**

Hámarksþyngd 30 kg eða 0,1 m<sup>3</sup>

Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma  
er að finna á [landflutningar.is](http://landflutningar.is)



**Landflutningar**  
SAMSKIP



Í desember veglega hátíð við höldum  
sem hjartanu yljár á vetrarkvöldum.  
Í jólum gleði og gæfa liggja  
gjafir þeirra skaltu þiggja.  
– Okkar hlutverk er að tryggja.

